

# Eystrahorn

6. tbl. 39. árgangur

Fimmtudagurinn 11. febrúar 2021

www.eystrahorn.is

## Heilsueflandi ferðapjónusta - Þróunarverkefni

Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu hefur til margra ára verið í öflugri samstarfi við skóla og stofnanir erlendis, m.a. í gegnum menntaáætlun ERASMUS+. Eitt af þeim Erasmus+ verkefnum sem nú eru í gangi í skólanum er verkefni sem ber yfirheitið DETOUR, en sú skammstöfun stendur fyrir enska heiti verkefnisins sem er, *Destinations: Wellbeing Tourism Opportunities for Regions*.

Verkefnið sem hefur fengið íslenska heitið *Áfangastaðir: Heilsueflandi ferðapjónusta, svæðisbundin tækifæri*, felst í stefnumótandi samstarfi skóla og stofnanna í sex löndum með það að leiðarljósi að þróa starfsmenntun og þjálfun á sviði heilsueflandi ferðapjónustu. Í verkefninu er leitast við að styðja ferðapjónustufyrirtæki til að nýta tækifæri til uppbyggingar fjölbreyttrar heilsueflandi ferðapjónustu. DETOUR verkefnið hlaut styrk til tveggja ára til að sinna þessu viðfangsefni og eru samstarfsaðilarnir skólar og stofnanir frá Skotlandi, Írlandi, Slóveníu og Azoreyjum og Danmörku auk Íslands.

Aukning á náttúruferðum, efling vitund um umhverfið og leit að aukinni líkamlegri og andlegri velferð hefur byggt upp vaxandi neytendamarkað innan ferðapjónustunnar. *Heilsueflandi ferðapjónusta* er ört stækkandi markaður á heimsvísu, en samkvæmt Global Wellness Institute (GWI) óx ferðamennska sem snýst um heilsu og vellíðan næstum 50% hraðar en heildarferðamennska á heimsvísu á árunum 2015 - 2017.



GWI setti einnig fram þá spá að árið 2022 sæki yfir milljarður ferðamanna í heilsueflandi- og vellíðunar upplifun í ferðum sínum. Þessi spá var sett fram fyrir tíma Covid-19 en ekki er ólíklegt að þessi þróun haldi sér þegar ferðamennirnir fara aftur af stað. Þessi sömu samtök hafa skilgreint heilsueflandi ferðapjónustu sem „Ferðalög sem leitast við að viðhalda eða efla persónulega velferð og líðan“ Til að geta tekið vel á móti þessum stækkandi ferðamannahópi verður í DETOUR verkefninu unnið að því að þróa bjargir og þjálfunarefni sem styrkt getur hæfnigrunn þeirra sem kjósa að starfa innan heilsueflandi ferðapjónustu. DETOUR mun leggja kennurum, litlum- og meðalstórum ferða-

þjónustufyrirtækjum og öðrum hagsmunaaðilum sem vinna að þróun innan ferðapjónustunnar, til þekkingu og færni til að nýta sér núverandi og komandi tækifæri á sviði heilsueflandi ferðamennsku til að efla nýsköpun í greininni, fjölbreytni á markaði og vöxt viðkomandi svæða.

Svæðið sem horft er til hér á landi er Suðurland og hefur verkefnið þegar verið kynnt fyrir nokkrum fyrirtækjum og hagsmunaaðilum í fjórðungnum þar sem leitað er eftir samstarfi við að auka sameiginlegan skilning á fyrirbærinu heilsueflandi ferðapjónustu, leita eftir tengdum viðskiptatækifærum á þessu sviðið og, eins og áður hefur verið greint frá, þróa þjálfunarefni sem nýst getur hlutaðeigandi. Afurðir



verkefnisins verður hægt að nálgast rafrænt, eða því sem á ensku er kallað MOOC (Massive Open Online Course).

Slóðin inn á heimasíðu DETOUR er: <https://www.detourproject.eu> og fyrir frekari upplýsingar vinsamlegast hafið samband við tengilið verkefnisins í FAS, Huldu Laxdal Hauksdóttur á netfanginu [hulda@fas.is](mailto:hulda@fas.is)

### Aðalfundarboð

Aðalfundur Framsóknarfélags Austur-Skaftafellssýslu verður haldinn **18. febrúar kl. 17:00 í Papóshúsinu.**

Verið hjartanlega velkomin!



### Ungmennafélagið Sindri - Aðalfundur

Aðalfundur Ungmennafélagsins Sindra verður haldinn þann **25. febrúar kl. 17.00** í félagsheimili Heklu.



Dagskrá fundarins

Aðalfundur deilda félagsins  
Hefðbundin aðalfundarstörf



## HAFNARKIRKJA

Sunnudagaskóli sunnudaginn  
14. febrúar kl. 11

Söngur, saga og margt fleira.  
Allir fá myndir með heim til að  
lita og djús.

Verið hjartanlega velkomin



## HAFNARKIRKJA

Foreldramorgnar á hverjum  
fimmtudegi milli kl. 10:00-12:00

Foreldrar og börn verið  
velkomin í kirkjuna.



## HAFNARKIRKJA

Minum á helgistundir sem eru  
aðgengilegar á vefnum, bæði á  
Youtube og á facebook síðu  
Bjarnanesprestakalls.

Birt verður helgistund

14. febrúar 2021 á vefnum.

Ljúf tónlist, bænir, ritningarorð  
og hugleiðing.

*Bestu kveðjur  
prestarnir*



## Bifreiðaskoðun á Höfn 15., 16. og 17. febrúar.

Tímapantanir í síma 570-9090

fyrir kl. 16:00 föstudaginn 12. febrúar.

Næsta skoðun 12., 13. og 14. apríl

*Athugið! Ekki skoðað í mars.*

## Frumherji

*Pegar vel er skoðað*



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi:..... HLS ehf.

Ritstjóri og

ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson

Netfang: ..... tjorvi@eystrahorn.is

Prófarkalestur:..... Guðlaug Hestnes

Umbrot: ..... Tjörvi Óskarsson

Prentun: ..... Litlaprent

ISSN 1670-4126

## Styrktaráskrift

Viltu styðja við útgáfu  
Eystrahorns ?

Kynntu þér málið á:

[www.eystrahorn.is/  
styrktaraskrift/](http://www.eystrahorn.is/styrktaraskrift/)

## Eystrahorn

## FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA FÉLAGAMENN ATHUGIÐ



Boðið verður upp á

**námskeið í Zumbadansi** fyrir  
fullorðna í Ekrusalnum. Þetta

eru 10 skipti og fyrsti tíminn er

**mánudaginn 15. febrúar kl. 17:00**

Kennari er *Íris Björk Óttarsdóttir*

Zumbakennari.

Allar sóttvarnir gilda.

Höfum gaman saman.

## Uppbyggingarsjóður Suðurlands auglýsir eftir umsóknum



Ertu með frábæra  
**HUGMYND?**

...að nýsköpunar- eða menningarverkefni?

**UMSÓKNARFRESTUR RENNUR ÚT  
ÞRIÐJUDAGINN 2. MARS, KL. 16:00**

Kynnið ykkur áherslur og úthlutunarreglur sjóðsins



[WWW.SASS.IS](http://WWW.SASS.IS)



[STYRKIR@SASS.IS](mailto:STYRKIR@SASS.IS)

Uppbyggingarsjóður er hluti af

**SÓKNARÁÆTLUN**  
SÍ. L. KL. AN. 25



**SASS**  
SAMTÖK  
SUNNLENSKRA  
SVEITARFÉLAGA

## Æskulýðsstarf Hafnarkirkju

Fyrir 6 - 9 ára

**Bingó !!**

Fimmtudaginn 11. febrúar

kl. 16:15

verður Bingó.

Sjáumst hress og kát

Stigur og María

# Körfuknattleiksdeild Sindra með mikilvægan sigur



Dallas Morgan að skora fyrir Sindra. Hann var hetja Sindramanna með fallega sigurkórðu í lok leiks.

Meistaraflokkur Sindra í körfubolta tók á móti Álfþanesi í 1. deild karla í körfubolta föstudaginn 5. febrúar. Leikurinn var jafn og bauð upp á frábæra skemmtun fyrir körfuboltaáhugamenn. Ekki er leyfilegt að hafa áhorfendur á leikjum vegna sóttvarna en þeim er streymt á netinu í samstarfi við FAS og KPMG. Leikurinn var tvíframlengdur og náðu Sindramenn að landa sigri á lokasekúndum seinni framlengingar en það var Dallas Morgan sem skoraði glæsilega þriggjustiga kórðu þegar staðan var 106 á móti 106 og tæplega 2 sekúndur voru eftir. Lokasókn Álfþanesmanna rann út í sandinn og fögnuðu okkar menn sigri 109 á móti 106. Glæsilegur sigur og er Sindri nú í 3. sæti í deildinni og gaman að sjá liðið í toppbarráttu. En sigurinn var ekki eina fagnaðarefnið þennan föstudag en Kaffi Hornið skrifaði undir nýjan 2 ára samning við körfuboltadeildina. Kaffi Hornið hefur verið dyggur stuðningsaðili við deildina



Ernesto Barboza frá Kaffi Horninu og Hjálmar Jens Sigurðsson formaður körfuknattleiksdeild Sindra við undirritun á nýjum styrktarsamningi

siðan hún var endurvakin árið 2006. Kaffi Hornið hefur séð til að leikmenn fái daglega næringu og hafa myndað góða stemningu fyrir heimaleikjum með borgarafundunum.

Næsti heimaleikur verður mánudaginn 15. febrúar og hvetjum við alla Hornfirðinga að hvetja okkar menn og fylgjast með leiknum í streymi.

Myndirnar tók Þorvarður Árnason.



Sindramenn fögnuðu vel í lokin

## Aðalfundur Rauða krossins í Hornafirði

Aðalfundur Hornafarðardeildar Rauða krossins verður haldinn **fimmtudaginn 25. mars kl 20.00** í Slysavarnahúsinu Framtíðin ef reglur um sóttvarnir leyfa.

Að öðrum kosti verður fundurinn haldinn í fjárfundi sama dag og á sama tíma, vinsamlega fylgist með á heimasíðu Rauða krossins undir viðburðir og á fésbókarsíðu deildarinnar.

### Dagskrá fundarins:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar
3. Áritaður og skoðaður ársreikningur lagður fram
4. Framkvæmdaáætlun og fjárhagsáætlun fyrir yfirstandandi ár lagðar fram til kynningar
5. Kosning skoðunarmanna
6. Önnur mál

Kjörgengir í stjórn og atkvæðisrétt hafa allir félagar, 18 ára og eldri, sem greiddu félagsgjöld fyrir árslok 2020. Fundurinn er opinn öllum félagsmönnum og sjálfbóðaliðum með sjálfbóðaliðasamning. Grímuskylda er á staðfundi.

Stjórnin.



Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRÐUR**



## Grenndarkynning

Grenndarkynning vegna breytinga á Mánabraut 6 skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Óskað hefur verið eftir heimild til að breyta íbúðarhúsnæði við Mánabraut 6 á Höfn. Breytingin felst í byggingu tveggja nýrra kvista. Þar sem ekki liggur fyrir staðfest deiliskipulag af svæðinu er hagsmunaaðilum gefinn kostur á að tjá sig um fyrirhugaðar framkvæmdir og skal athugasemdum komið til skila á netfangið [skipulag@hornafjordur.is](mailto:skipulag@hornafjordur.is) eigi síðar en **10. mars 2021**.

Nánari upplýsingar og teikningar má finna á heimasíðu sveitarfélagsins, [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is) undir skipulag í kynningu.

Brynja Dögg Ingólfssdóttir  
Umhverfis- og skipulagsstjóri





# VIÐREISN

## VERTU MEÐ Í VIÐREISN ÍSLANDS

Veistu hvernig Ísland getur orðið betra? Langar þig að hafa áhrif? Viðreisn er lausnamiðaður flokkur sem leitar sátta í stað sundrunar, með almannahag að leiðarljósi. Við vitum að það býr styrkur í fjölbreytileika og því leggjum við áherslu á að framboðslisti okkar í **Suðurkjördæmi** sé skipaður fólki á öllum aldri, með fjölbreytta reynslu og þekkingu, af ólíkum uppruna og öllum kynjum.

Hefur þú áhuga á að taka þátt í skemmtilegu málefnnastarfi með frábæru fólki? Taka þátt í kosningabaráttu eða langar þig í framboð? Sendu okkur þá línu á [sudur@vidreisl.is](mailto:sudur@vidreisl.is) fyrir 25. febrúar nk. og við munum hafa samband.

### TAKE PART IN ICELAND'S REFORM

Do you know how Iceland can improve and would you like to make a difference? Viðreisn (The Liberal Reform Party) is a solution-oriented party that aims to seek reconciliation instead of division, with public interest at the forefront. We know that there is strength in diversity and therefore we strive for a list of candidates in the **southern constituency of Iceland**, composed of people of all ages, with diverse experience and knowledge, of different backgrounds and of all genders.

Are you interested in working on exciting political issues along with great people? Taking part in an election campaign or even run for parliament? E-mail us at [sudur@vidreisl.is](mailto:sudur@vidreisl.is) before February 25th and we'll be in touch.

**SAMFÉLAG SNÝST UM FÓLK.  
EKKI KERFI.**

